

Alþingi  
Erindi nr. P 131 / 220  
komudagur 26.11.2004



Samtök banka og verðbréfafyrirtækja  
Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland

Fréttatilkynning

## SBV áfrýja niðurstöðu ESA til EFTA-dómstóls

Samtök banka og verðbréfafyrirtækja, SBV, hafa í dag, 23. nóvember 2004, áfrýjað til EFTA-dómstólsins niðurstöðu *Eftirlitsstofnunar EFTA*, ESA, frá 12. ágúst 2004. Þá hafnaði ESA kvörtun SBV um starfsskilyrði Íbúðalánasjóðs sem raska eðlilegri og virkri samkeppni banka á íslenskum lánamarkaði.

Lögmansstofan Hengeler Muller í Brussel fer með málið fyrir hönd SBV og meðfylgjandi tilkynningu þessari er samantekt á lykilþáttum áfrýjunarinnar.

SBV hafa ítrekað lýst því yfir að æskilegt sé að ríkið færi sig af frjálsum fjármálamarkaði og fylgi þannig eftir þeim mikilvægu skrefum sem stigin hafa verið síðustu ár með einkavæðingu og sölu ríkisbanka og sjóða. Þær ráðstafanir hafa augsýnilega styrkt íslenska banka og íslenskan fjármálamarkað. Vextir og vaxtamunur hafa lækkað og lánamöguleikar almennings margfaldast. Þá hafa bankar stutt í vaxandi mæli við íslensk fyrirtæki í útrás og eru þeir orðnir ein öflugasta stoð íslensks atvinnulífs.

Aðstæður á húsnæðislánamarkaði hafa gjörbreyst í kjölfar nýrra lána banka og sparisjóða á betri kjörum en lán Íbúðalánasjóðs. Viðbrögð Íbúðalánasjóðs hafa ítrekað verið að lækka vexti á sínum lánum líkt og sjóðurinn væri keppinautur banka. Grundvöllur áfrýjunar SBV til EFTA-dómstólsins er sá að Íbúðalánasjóður veitir nú samskonar lán og bankar gera í frjálstri samkeppni. SBV álíta að það brjóti ákvæði EES-samningsins um frjálsa samkeppni og að með þessum starfsháttum Íbúðalánasjóðs skekki ríkið eðlilega samkeppni á lánamarkaði.

SBV fengu IMG Gallup nýverið til að kanna viðtökur fólks við nýju lánaframboði banka og sparisjóða. Könnunin er meðfylgjandi, en skv. henni eru 81% landsmanna jákvæðir í garð hinna nýju íbúðalána banka og sparisjóða. 14,5% taka ekki afstöðu og einungis 4,5% segjast neikvæðir. Þá telja 22,3% aðspurðra líklegt að þeir taki íbúðalán til nýkaupa eða endurfjármögnunar hjá banka eða sparisjóði á næstu 6 mánuðum. Niðurstaða könnunarinnar sýnir vel hversu jákvæður íslenskur almenningur er fyrir gjörbreyttum aðstæðum á lánamarkaði og sýnir með skýrum hætti að þörfin á sérrekrum opinberum sjóði á hinum almenna húsnæðislánamarkaði er ekki lengur til staðar. Eftir sem áður er

mikilvægt að hið opinbera styðji við fólk sem býr við erfiðar aðstæður og þarf aðstoð við að koma sér þaki yfir höfuðið.

Að mati SBV er hér um mikilvægt mál að ræða bæði fyrir íslenskan fjármálamarkað og einnig frjálsan fjármálamarkað á EES-svæðinu öllu. SBV lítur svo á að hagsmunum almennings sé best borgið með virkri alþjóðlegri samkeppni á íslenskum fjármálamarkaði. Í ljósi þess og skýrrar afstöðu almennings í meðfylgjandi skoðanakönnun telja SBV ekki stætt á öðru en að fá endanlega úr því skorið hjá EFTA-dómstólnum um hvort núverandi fyrirkomulag gangi gegn ríkisstyrkjareglum EES-samningsins eða ekki.

*Frekari upplýsingar veitir Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri SBV, í síma 698 7110.*

## **GROUNDS FOR APPEAL**

### **A. Facts**

#### **Introduction**

The Applicant seeks annulment of the Decision of the EFTA Surveillance Authority of 11 August 2004, in which the Defendant declared the house financing mechanisms provided for by the Icelandic authorities in favor of the Housing Financing Fund to be compatible with state aid rules according to Article 59 (2) of the EEA agreement (“EEA”). The objective of the Icelandic Housing Financing Fund is to promote, through the granting of loans, access to affordable house financing throughout the territory of Iceland and for all Icelandic residents. The Fund offers two types of loans,

- general loans to individuals for the purpose of constructing or purchasing residential housing with a maximum loan amount of ISK 11.5 million, and
- additional loans confined to individuals with low income.

Whereas the additional loans have a “social objective” or “social dimension”, the general loans, in contrast, are available to everybody wishing to purchase a residential house in Iceland.

In the Applicant’s view, the activities of the Housing Financing Fund in regard to the general loans are by their nature normal banking services which, according to the objectives of the EEA Agreement, are best provided through unrestricted competition. The Applicant does not raise objections against those activities of the Housing Financing Fund which have a purely social character.

**SBV**  
**- Viðhorf til og líkur á töku íbúðalána -**  
**Markaðsrannsókn**  
September/október 2004

**TRÚNAÐARMÁL**



Skýrsla þessi og innihald hennar er eingöngu til innanhússnota hjá því fyrirtæki, stofnun eða einstaklingi sem hana keypti. Öll opinber birting eða dreifing er óheimil án skriflegs leyfis IMG Gallup.

Allur réttur áskilinn: © IMG Gallup

**IMG Gallup er aðili  
að Gallup International**

**Efnisyfirlit**

**Bls.**

<b>FRAMKVÆMD .....</b>	<b>3</b>
<b>NIÐURSTÖÐUR</b>	
Sp. 1 Hversu jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) ert þú gagnvart nýjum íbúðalánum banka og sparisjóða? .....	4
Sp. 2 Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú takir íbúðalán hjá banka eða sparisjóði á næstu 6 mánuðum, hvort sem er til kaupa á húsnæði eða endurfjármögnunar á eldri lánum .....	5
<b>HVERNIG Á AÐ TÚLKA NIÐURSTÖÐURNAR? .....</b>	<b>6</b>

## Lýsing á rannsóknnum

Unnið fyrir	Samtök banka og verðbréfafyrirtækja
Markmið	Að kanna vitund og viðhorf fólks til nýrra íbúðalána banka og sparisjóða og líkur á töku slíkra lána
Framkvæmdatími	8. - 21. september og 29. september - 11. október 2004
Aðferð	Símakönnun
Úrtak	13233: 1205 manna slembiúrtak úr þjóðskrá, 18-75 ára af öllu landinu; 13291: 1185 manna tilviljunarúrtak úr þjóðskrá, 18-75 ára af öllu landinu
Verknúmer	13233 og 13291

## Stærð úrtaks og svörun - 13233

Upphaflegt úrtak	1205
Búsettir í útlöndum	29
Veikir	22
Látnir	3
Endanlegt úrtak	1151
Neita að svara	302
Næst ekki í	135
Fjöldi svarenda	714
Svarhlutfall	62,0%

## Greiningarbreytur - 13233

Kyn	Karlar og konur
Aldur	Fimm aldursflokkar
Búseta	Þrjú flokkar
Fjölskyldutekjur	Heildartekjur allra á heimilinu á mánuði fyrir skatta, fjórir flokkar
Menntun	Fjórir flokkar
	Spurningar voru einnig greindar innbyrðis

## Stærð úrtaks og svörun - 13291

Upphaflegt úrtak	1185
Búsettir í útlöndum	31
Veikir	20
Látnir	1
Endanlegt úrtak	1133
Neita að svara	245
Næst ekki í	186
Fjöldi svarenda	702
Svarhlutfall	62,0%


## Greiningarbreytur - 13291

Kyn	Karlar og konur
Aldur	Fimm aldursflokkar
Búseta	Reykjavík - nágrennasveitarfélög Reykjavíkur - önnur sveitarfélög

**Reykjavík, 21. október 2004**  
**Bestu þakkir fyrir gott samstarf,**

Guðni Rafn Gunnarsson  
Jón Karl Arnason  
Matthías Þorvaldsson

**Hversu jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) ert þú gagnvart nýjum íbúðalánum banka og sparisjóða?**




Svör	Fjöldi	Hlutfall %	Vik-mörk +/-
Mjög jákvæð(ur) (5)	283	42,8	3,8
Frekar jákvæð(ur) (4)	252	38,1	3,7
Hvorki né (3)	96	14,5	2,7
Frekar neikvæð(ur) (2)	25	3,8	1,5
Mjög neikvæð(ur) (1)	5	0,8	0,7
Jákvæð(ur)		80,9	3,0
Hvorki né		14,5	2,7
Neikvæð(ur)		4,5	1,6
Fjöldi svara	661	100,0	
Tóku afstöðu	661	92,6	
Tóku ekki afstöðu	53	7,4	
Fjöldi svarenda	714	100,0	
Meðaltal		4,2	
Staðalfrávik		0,9	

**Greiningar**

Greiningar	Fjöldi svara	Mjög jákvæð(ur)	Frekar jákvæð(ur)	Hvorki né	Frekar neikvæð(ur)	Mjög neikvæð(ur)	Meðaltal
<b>Kyn *</b>							
Karlar	307	48,5%	38,4%	9,8%	2,9%	0,3%	4,3
Konur	354	37,9%	37,9%	18,6%	4,5%	1,1%	4,1
<b>Aldur</b>							
16-24 ára	106	34,0%	40,6%	21,7%	3,8%		4,0
25-34 ára	123	40,7%	39,0%	15,4%	4,1%	0,8%	4,1
35-44 ára	143	51,7%	32,9%	10,5%	3,5%	1,4%	4,3
45-54 ára	130	44,6%	42,3%	9,2%	3,8%		4,3
55-75 ára	159	40,9%	37,1%	17,0%	3,8%	1,3%	4,1
<b>Búseta *</b>							
Reykjavík	232	41,4%	38,4%	14,2%	5,2%	0,9%	4,1
Nágrannasv.félög R.vikur	159	50,9%	35,8%	12,6%	0,6%		4,4
Önnur sveitarfélög	270	39,3%	39,3%	15,9%	4,4%	1,1%	4,1
<b>Fjölskyldutekjur *</b>							
Lægri en 250 þúsund	159	31,4%	41,5%	18,2%	6,9%	1,9%	3,9
250 til 399 þúsund	175	41,1%	40,0%	15,4%	2,3%	1,1%	4,2
400 til 549 þúsund	147	52,4%	36,1%	7,5%	4,1%		4,4
550 þúsund eða hærri	102	52,9%	35,3%	10,8%	1,0%		4,4
<b>Menntun</b>							
Grunnskólapróf	84	38,1%	41,7%	14,3%	6,0%		4,1
Grunnskólapróf og viðbót	188	41,0%	39,4%	15,4%	3,2%	1,1%	4,2
Framhaldsskólapróf	239	43,1%	37,7%	13,8%	4,6%	0,8%	4,2
Háskólapróf	147	48,3%	35,4%	13,6%	2,0%	0,7%	4,3
<b>Búsetuform</b>							
Eigið húsnæði	494	43,5%	40,3%	12,6%	2,8%	0,8%	4,2
Leiguhúsnæði	100	45,0%	26,0%	19,0%	10,0%		4,1
Foreldrahús	63	31,7%	42,9%	23,8%	1,6%		4,0

\* Marktækur munur á meðaltölum hópa

**Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú takir íbúðalán hjá banka eða sparisjóði á næstu 6 mánuðum?**



Svör	Fjöldi	Hlutfall %	Vik-mörk +/-
Mjög líklegt (5)	89	13,4	2,6
Frekar líklegt (4)	59	8,9	2,2
Hvorki né (3)	36	5,4	1,7
Frekar ólíklegt (2)	78	11,7	2,4
Mjög ólíklegt (1)	403	60,6	3,7
Líklegt		22,3	3,2
Hvorki né		5,4	1,7
Ólíklegt		72,3	3,4
Fjöldi svara	665	100,0	
Tóku afstöðu	665	94,7	

Hef þegar nýtt mér ný íbúðalán hjá banka eða sparisjóð	Fjöldi	Hlutfall %	Vik-mörk +/-
Hef þegar nýtt mér ný íbúðalán hjá banka eða sparisjóð	15	2,1	
Tóku ekki afstöðu	22	3,1	
Fjöldi svarenda	702	100,0	
Meðaltal		2,0	
Staðalfrávik		1,5	

**Greiningar**

Greiningar	Fjöldi svara	Mjög líklegt	Frekar líklegt	Hvorki né	Frekar ólíklegt	Mjög ólíklegt	Meðaltal
<b>Kyn</b>							
Karlar	324	13,6%	12,0%	4,0%	10,2%	60,2%	2,1
Konur	341	13,2%	5,9%	6,7%	13,2%	61,0%	2,0
<b>Aldur *</b>							
16-24 ára	97	10,3%	5,2%		8,2%	76,3%	1,6
25-34 ára	157	21,0%	12,1%	4,5%	15,9%	46,5%	2,5
35-44 ára	128	11,7%	10,9%	10,9%	14,1%	52,3%	2,2
45-54 ára	138	15,2%	10,1%	6,5%	11,6%	56,5%	2,2
55-75 ára	145	6,9%	4,8%	4,1%	7,6%	76,6%	1,6
<b>Búseta</b>							
Reykjavík	218	14,7%	8,3%	7,3%	9,2%	60,6%	2,1
Nágrannasv.félög R.víkur	160	15,6%	11,9%	4,4%	15,6%	52,5%	2,2
Önnur sveitarfélög	287	11,1%	7,7%	4,5%	11,5%	65,2%	1,9

\* Marktækur munur á meðaltölum hópa

Spurning 2. Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú takir íbúðalán hjá banka eða sparisjóði á næstu 6 mánuðum, hvort sem er til kaupa á húsnæði eða endurfjármögnunar á eldri lánum?



**Hversu miklu máli skiptir...?**

	Fjöldi	Hlutfall	vik
Svör			
Mjög miklu (10)	195	36,1	4,1
Frekar miklu (7,5)	106	19,6	3,4
Í meðallagi (5)	64	11,9	2,7
Frekar litlu (2,5)	75	13,9	2,9
Mjög litlu (0)	100	18,5	3,3
Miklu		55,7	4,2
Í meðallagi		11,9	2,7
Litlu		32,4	3,9
Fjöldi svara	540	100,0	
Tóku afstöðu	540	99,8	
Tóku ekki afstöðu	1	0,2	
Fjöldi svarenda	541	100,0	
Meðaltal		6,0	
Staðalfrávik		3,8	

**Tölur**

Niðurstöður fyrir hverja spurningu eru settar fram í töflum og myndum. Hver spurning er neðst á hverri blaðsíðu en nafnið á því sem hún á að mæla er sett fyrir ofan hverja töflu. Í töflunni er hægt að sjá svör þátttakenda og hve margir þeirra tóku ekki afstöðu til þessarar spurningar eða voru ekki spurðir. Í töflunni hér til hliðar má sjá að rétt rúm 36% þátttakenda telja það sem spurt var um skipta mjög miklu máli og tæplega 20% frekar miklu. Ef teknir eru saman þeir sem segja þetta skipta „frekar miklu“ og „mjög miklu“ þá gefur það tæplega 56%.

**Vikmörk**


Til að geta áttáð sig betur á niðurstöðum rannsókna er nauðsynlegt að skilja hvað vikmörk eru. Vikmörk eru reiknuð fyrir hverja hlutfallstölu og ná jafn langt upp fyrir og niður fyrir töluna nema ef vikmörkin fara niður að 0% eða upp að 100%. Oftast er miðað við 95% vissu. Segja má með 95% vissu að niðurstaða sem fengin er úr rannsókn lægi innan þessara vikmarka ef allir í þýðinu væru spurðir. Dæmi: segja má með 95% vissu að hefðu allir í þýði verið spurðir, hefðu á bilinu 32% til 40,2% (36,1% +/- 4,1%) þeirra sagt að þetta skipti mjög miklu máli. Í framhaldi af þessu er hægt að bera saman svarmöguleikana. Ef vikmörkin skarast ekki er munur á þeim marktækur. T.d. væri hægt að segja með 95% vissu að marktækt fleiri einstaklingar teldu það sem spurt var um skipta mjög miklu máli en frekar miklu máli.

**Meðaltal**

Er reiknað með því að leggja allar tölur saman og deilt er upp í þá summu með fjölda talnanna. Í töflunni hér fyrir ofan reiknast meðaltal skv. eftirfarandi formúlu:  $(\text{Mjög miklu} (fj. \times 10) + \text{Frekar miklu} (fj. \times 7,5) + \text{Í meðallagi} (fj. \times 5) + \text{Frekar litlu} (fj. \times 2,5) + \text{mjög litlu} (fj. \times 0)) / \text{Heildarfjöldi svara}$ .  
Meðaltalið tekur gildi á kvarðanum 0 til 10.

**Staðalfrávik**

Er algengur mælikvarði á dreifingu svara í kringum meðaltal. Það segir til um hversu lík eða ólík svör þátttakenda við spurningu eru. Hátt staðalfrávik ber að túlka þannig að svör þátttakenda séu ólík en lágt staðalfrávik þannig að svörin séu lík.



**Myndir**

Í myndum er reynt að draga saman helstu niðurstöður þannig að auðvelt sé fyrir lesandann að átta sig á hvað sé markverðast hverju sinni. Ennfremur er oft gerð greining á hverri spurningu eftir öðrum greiningarbreytum í könnuninni. Má þar nefna kyn, aldur, búsetu, menntun og aðrar spurningar í sömu könnun. Hér fyrir neðan má sjá greiningu eftir kyni og aldri þátttakenda. Þar sést að ekki er munur á meðaltölum eftir aldri en hins vegar er munur eftir kyni þátttakenda. Hér skiptir það sem spurt var um konumar minna máli en karlana.

**Greiningar**

Greiningar	Meðal-tal	Staðal-frávik	Fjöldi	
<b>Kyn</b>				
Karlar	6,7	1,4	284	6,7
Konur	5,3	1,3	256	5,3
<b>Aldur</b>				
16-24 ára	6,0	1,3	82	6,0
25-34 ára	5,9	1,5	131	5,9
35-44 ára	6,0	1,4	140	6,0
45-54 ára	5,9	1,3	84	5,9
55-75 ára	6,1	1,5	101	6,1

\* Marktækt